

Nd.

301. Frumvarp til laga

[127. mál]

um lánasjóð íslenzkra námsmanna erlendis.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Stofnaður skal sjóður, er ber nafnið lánasjóður íslenzkra námsmanna erlendis. Skal sjóðnum varið til að veita námslán íslenzkum stúdentum og öðrum námsmönnum við nám erlendis skv. ákvæðum þessara laga.

Menntamálaráð Íslands fer með stjórn sjóðsins.

2. gr.

Lán úr sjóðnum skulu aðeins veitt íslenzkum stúdentum eða öðrum námsmönnum við nám erlendis skv. reglum, sem sjóðsstjórnin setur, en þurfa samþykki menntamálaráðherra. Þessar reglur skal endurskoða árlega.

Hver námsmaður skv. 1. mgr. þessarar gr. skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán einu sinni á ári meðan hann er við nám, en þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og þeim skóla, sem námið er stundað í. Ár miðast við háskólaár á hverjum stað.

Lántakandi skal enga vexti greiða, meðan á námstíma stendur, en greiða lánin upp með jöfnum afborgunum og 3½% ársvöxtum á 10 árum. Vaxtagreiðslur og afborganir hefjast þremur árum eftir að námi lýkur. Miða skal við próf eða síðustu lántöku, ef stúdent hverfur frá námi, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Metur sjóðsstjórnin það hverju sinni.

Til tryggingar lánnum þessum skulu lánþegar samþykkja skuldaþréf og setja frekari tryggingu, ef hægt er, skv. ákvörðun sjóðsstjórnarinnar.

Bókhald, innheimtu og eftirlit með greiðslum skal sjóðsstjórnin fela opinberri stofnun, en sér að öðru leyti sjálf um daglegan rekstur sjóðsins.

Ráðherra setur reglugerð, þar sem frekar er kveðið á um starfsemi sjóðsins.

3. gr.

Ríkissjóður leggur sjóðnum árlega til að minnsta kosti 3 250 þús. kr. Afborganir af námslánnum menntamálaráðs, sem veitt voru árin 1952—1959, og vextir af þeim, renna einnig í sjóðinn.

Reikningar sjóðsins skulu birtir í Stjórnartíðindum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stuðningur við íslenska námsmenn erlendis er veittur á fjárlögum í 14. gr. A. II. a (áður 14. gr. B). Er þar um að ræða óafturkræfa styrki og námslán, sem greiðast að námi loknu, eftir þar til settum reglum.

Árin 1952—1959 hafa eftirtaldar upphæðir verið veittar á fjárlögum í þessu skyni: 1952—1958 1 275 þús. kr. hvert ár, en árið 1959 2 000 þús. kr. Var sú hækkun gerð í framhaldi af því, að 1958 var lagt 30% yfirfærslugjald á gjaldeyri til námsmanna og vegna fjölgunar námsmanna erlendis. Enn fremur setti menntamálaráðuneytið þá reglur um úthlutun 5 allt að 20000 kr. árlegra styrkja til námsmanna erlendis, er veittir skyldu til 5 ára. 1959 var ákveðið að fjölga þessum styrkjum í 7 og heimilað að veita þá hvort heldur væri til náms erlendis eða við Háskóla Íslands. Nú er gert ráð fyrir því, að þessir styrkir geti hækkað í allt að 30000 kr. vegna gengisbreytingarinnar.

Af upphæð þeirri, sem veitt hefur verið til námsmanna erlendis, hefur verið varið til námslána svo sem hér segir: 1952 275 þús. kr., 1953—1958 400 þús. kr. hvert ár, en árið 1959 er hlutur námslánanna ekki ákveðinn, heldur gert ráð fyrir því, að fénu sé skipt milli námsstyrkja og námslána eftir reglum, sem menntamálaráðuneytið setur í samráði við menntamálaráð.

Í árslok hvers árs 1952—1959 hafa útistandandi námslán menntamálaráðs numið þeirri upphæð, sem hér segir:

1952	254 þús. kr.
1953	639 þús. kr.
1954	1 049 þús. kr.
1955	1 420 þús. kr.
1956	1 820 þús. kr.
1957	2 175 þús. kr.
1958	2 669 þús. kr.
1959	4 081 þús. kr.

Árið 1956 var byrjað að greiða af lánunum og var menntamálaráði heimilað að lána það fé út aftur.

Reglur þær, sem menntamálaráðuneytið setur í samráði við menntamálaráð um úthlutun námsstyrkja og námslána, eru endurskoðaðar árlega, áður en úthlutun fer fram. Fara hér á eftir þær reglur, sem giltu við úthlutun árið 1959:

1. Styrkir eru fyrst og fremst veittir til þess náms erlendis, sem ekki er hægt að stunda á Íslandi. Þó er vikið frá þeirri meginreglu, þegar sérstaklega stendur á, einkum ef um úrvalsnemendur er að ræða. Styrkir eru ekki veittir háskólakandídötum.
2. Þeir, sem ekki hafa hafið nám erlendis, þegar úthlutun fer fram, koma ekki til greina fyrr en á næsta ári.
3. Námsmenn, sem uppfylla sett skilyrði, fá lán á fyrsta námsári erlendis. Á öðru námsári er þeim ætlaður hálfur styrkur og hálf lán, en fullur styrkur á þriðja og fjórða námsári.
4. Gagnvart þeim, sem áður hafa hlotið styrk frá menntamálaráði, gilda sömu reglur og verið hafa. Þeir, sem dveljast erlendis við nám fjögur ár eða lengur, hljóta styrki samtals í 2½ ár og lán í 1½. Þeir, sem hlotið hafa styrki og lán fjórum sinnum, fá framhaldslán, ef um langt nám er að ræða.
5. Þeir, sem eru aðeins þrjú ár við nám erlendis, fá samtals 1½ styrk og 1½ lán.
6. Nám, sem tekur tvö ár eða skemmri tíma, er yfirleitt ekki styrkt.
7. Styrkir og lán eru mishá eftir dvalarlöndum, með hliðsjón af dvalarkostnaði. Er við það miðað, að fjárhagsstuðningurinn samsvari nokkurn veginn þriggja mánaða yfirfærslu. Að þessu sinni fá námsmenn í Bandaríkjunum og Kanada kr. 13 000.00, í Sviss kr. 11 000.00, í Frakklandi og Ítalíu kr. 9 000.00, í Bret-

- landi, Svíþjóð og Finnlandi kr. 8 000.00, í Vestur-Þýzkalandi kr. 7 500.00, og í Danmörku, Noregi, Austurríki, Spáni og Hollandi kr. 6 500.00.
8. Ekki eru veittir styrkir eða lán til þeirra námsmanna, sem njóta sambærilegs styrks frá öðrum opinberum aðilum.
 9. Nemendur í þeim löndum, sem hafa svonefnd námslaunakerfi (Austur-Þýzka-land o. fl.), hljóta hálfan styrk eða lán.
 10. Námsmenn, sem stunda nám skemur en sjö mánuði á ári, fá í hæsta lagi hálfan styrk eða lán. Hið sama gildir um þá, sem njóta styrks frá öðrum opinberum aðilum, en þó ekki svo mikils, að rétt þyki að fella niður með öllu styrkveitingu til þeirra.
 11. Um verkfræðistúdenta gilda þessar reglur: Þeir, sem lokið hafa fyrrihluta-prófi við háskólann hér, fá styrk í tvö ár og hálf lán þriðja árið. Verkfræðistúdentar, sem stunda nám erlendis í námsgreinum, sem hægt hefði verið að ljúka í fyrrihlutaprófi við verkfræðideildina hér, eiga því aðeins kost á láni strax, að þeir hafi hlotið I. einkunn í stærðfræðigreinum við stúdentspróf. Aðrir verkfræðinemar fá ekki lán eða styrk, fyrr en þeir hafa tekið próf, sem eru hliðstæð við fyrrihlutapróf verkfræðideildarinnar hér.
 12. Lyfjafræðingar, sem tekið hafa próf hér, áður en þeir hófu framhaldsnám erlendis, fá hálfan styrk og hálf lán fyrra árið og styrk síðara árið.
 13. Þegar hjón sækja og bæði teljast verðug styrks, fá þau til samans $1\frac{1}{2}$ styrk eða lán.

Með tilliti til gengisbreytingarinnar í febrúarmánuði s. l., gekkst ríkisstjórnin fyrir því, að upphæð sú, sem veitt er á fjárlögum 1960 til stuðnings við íslenska námsmenn erlendis, var hækkuð mikið.

Alls eru nú áætlaðar 5 195 þús. kr. til námsstyrkja og námslána samanlagt í stað 2 millj. kr. árið 1959 og 1 275 þús. kr. 1958. Gert er ráð fyrir því, að styrkirnar hækki sem svarar til gengisfellingar íslensku krónunnar, en auk þess verði námslánin aukin verulega. Áætlað er, að af fjárveitingu ársins 1960 sé hægt að verja 3 250 þús. kr. til námslána, eða átta sinnum hærri upphæð en árið 1958.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að námslánnum til íslenskra námsmanna erlendis verði komið á fastari grundvöll en verið hefur til þessa. Árlegt framlag ríkissjóðs til námslánasjóðsins er miðað við sömu upphæð og talið er fært að verja til námslána af fjárveitingu skv. 14. gr. A, II. a, á fjárlögum ársins 1960. Auk þess er gert ráð fyrir því, að afborganir af námslánnum menntamálaráðs, sem veitt voru árin 1952—1959, og vextir af þeim, renni í sjóðinn.

Í fylgiskjali með frumvarpi þessu er tafla, sem gefur hugmynd um hag námslánasjóðsins og afkomu 20 ár fram í tímann, miðað við þær tekjur, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að hann hafi, og þau lánskjör, sem hann veitir. Vegna þess hve tiltölulega stuttur tími er ennþá liðinn frá því að farið var að veita námslán að nokkru ráði, myndi sjóðnum ekki verða fært að auka námslánin allra næstu árin að nokkru marki, að óbreyttu ríkisframlagi. Það er fyrst árið 1963 að þau gætu aukizt úr kr. 3 250 000.00 í kr. 3 500 000.00, árið 1964 í 3 750 000.00 og árið 1965 í kr. 4 000 000.00. Síðan myndu þau hins vegar geta aukizt um kr. 400 000.00 á hverju ári, þ. e. a. s. um kr. 2 000 000.00 á hverjum 5 árum, miðað við þær forsendur um lánskjör og ríkisframlag, vexti af eigin fé, fastan, árlegan kostnað vegna daglegs reksturs og afskriftir vegna tapa, sem áætlunin er byggð á, og nánar er gerð grein fyrir í skýringum með henni.

Eins og taflan sýnir ljóslega, batna möguleikar sjóðsins til útlána allhröðum skrefum á árunum 1965—1970, og það svo, að jafnvel mætti auka útlánin heldur meira en þar er gert ráð fyrir. Eftir 20 ár væri sjóðurinn orðinn þess megnugur að lána rúmlega þrefalt núverandi ríkisframlag árlega til námsmanna.

Að öðru leyti vísast til töflunnar sjálfar og þeirra skýringa, sem henni fylgja.

Lánasjóður íslenskra

	Lánað	Útistandandi			Gjöld			Tekj-		
		Af eldri lánum	Af yngri lánum	Samtals	Fastur kostnaður	Af-skrifað	Samtals	Vextir		Af-
								Af eldri lánum	Af yngri lánum	Af eldri lánum
1960	3 250 000	3 866 473	3 250 000	7 116 473	50 000	-	50 000	41 457.93	-	141 299
1961	3 250 000	3 682 423	6 435 000	10 117 423	50 000	65 000	115 000	51 475.30	-	184 050
1962	3 250 000	3 434 211	9 620 000	13 054 211	75 000	65 000	140 000	67 490.26	-	248 212
1963	3 500 000	3 129 109	12 991 300	16 120 409	75 000	65 000	140 000	78 714.34	22 295.00	305 102
1964	3 750 000	2 775 496	16 480 200	19 255 696	75 000	70 000	145 000	85 014.61	64 655.50	353 613
1965	4 000 000	2 386 299	20 023 000	22 409 299	100 000	75 000	175 000	86 831.71	124 852.00	389 197
1966	4 400 000	1 980 158	23 701 100	25 681 258	100 000	80 000	180 000	83 520.46	202 370.00	406 141
1967	4 800 000	1 594 580	27 438 000	29 032 580	100 000	88 000	188 000	69 305.54	296 523.50	385 578
1968	5 200 000	1 236 837	31 219 000	32 455 837	150 000	96 000	246 000	55 810.31	384 160.00	357 743
1969	5 600 000	915 308	35 021 560	35 936 868	150 000	104 000	254 000	43 289.29	467 509.00	321 529
1970	6 000 000	632 982	38 815 300	39 448 282	150 000	112 000	262 000	32 035.78	548 525.60	282 326
1971	6 400 000	393 407	42 566 900	42 960 307	200 000	120 000	320 000	22 154.37	627 175.50	239 575
1972	6 800 000	217 994	46 240 100	46 458 094	200 000	128 000	328 000	13 769.24	703 321.50	175 413
1973	7 200 000	99 471	49 859 400	49 958 871	250 000	136 000	386 000	7 629.79	776 723.50	118 523
1974	7 600 000	29 459	53 449 300	53 478 759	250 000	144 000	394 000	3 481.48	848 239.00	70 012
1975	8 000 000	0	57 034 300	57 034 300	250 000	152 000	402 000	1 031.06	918 725.50	29 459
1976	8 400 000	-	60 643 800	60 643 800	250 000	160 000	410 000	0	989 040.50	0
1977	8 800 000	-	64 312 100	64 312 100	300 000	168 000	468 000	-	1 060 213.00	-
1978	9 200 000	-	68 014 700	68 014 700	300 000	176 000	476 000	-	1 133 443.50	-
1979	9 600 000	-	71 734 940	71 734 940	300 000	184 000	484 000	-	1 207 874.50	-
1980	10 000 000	-	75 464 000	75 464 000	300 000	192 000	492 000	-	1 282 922.90	-

Skýringar með áætlun um lánasjóð íslenskra námsmanna erlendis.

Stofnfé.

Sjóðurinn tekur við þeim skuldabréfum fyrir námslánum, sem veitt voru til ársloka 1959, að upphæð kr. 4 007 772.00. Í reyndinni er sú upphæð nokkru hærri, eða kr. 4 081 458.75. Stafar það af því, að í áætluninni er af hagkvæmnisástæðum gert ráð fyrir því, að lán, sem veitt hafa verið á hverju ári, allt frá árinu 1952, hafi dreifzt jafnt á árganga. Ef svo hefði verið, væri nú búið að greiða inn heldur meira af gjaldföllum lánum en raun ber vitni. Í framkvæmdinni hafa því, samkvæmt þeim mismun, sem þarna kemur fram, meiri hluti námslánanna verið veittur þeim námsmönnum, sem voru hálfnaðir með nám eða meira.

Gert er ráð fyrir því að árlega verði veitt til námslána af opinberri hálfu kr. 3 250 000.00, þ. e. sú upphæð, sem talið er að hægt verði að verja á yfirstandandi ári til námslána af heildarfjárveitingu samkvæmt fjárlagafrumvarpi því, er fyrir Alþingi liggur. Sú upphæð verði óbreytt á næstu árum, að óbreyttum aðstæðum.

Útlán.

Næstu þrjú árin verði ríkisframlaginu, kr. 3 250 000.00, varið til námslána. Í árslok 1962 verður því reiðufé sjóðsins komið upp fyrir kr. 400 000.00. Á árinu 1963 geta því námslánin aukizt um kr. 250 000.00 og um sömu upphæð næstu tvö árin þar á eftir, og verða kr. 4 000 000.00 á árinu 1965. Þá verður hins vegar farið að muna svo um afborganir og vexti, aðallega af lánum veittum fyrir 1960, að sjóðurinn þolir að auka námslánin um kr. 400 000.00 á hverju ári úr því, án þess að ríkisframlagið aukist. Í framkvæmdinni yrði útlánaaukningin sjálfsagt ekki alveg jöfn frá ári til árs. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að komast að því, hvað aukningin gæti orðið mikil að jafnaði, að kringumstæðum óbreyttum frá því, sem nú er.

Útistandandi í lok hvers árs eru veitt lán að frádrögnum afborgunum og áætluðum töpum. Í árslok 1960 er þá útistandandi yfirtekin skuldabréfaeign samkvæmt framansögðu af „eldri lánum“, þ. e. lánum, sem voru veitt fyrir árslok 1959

kr. 4 007 772.00	
÷ afborgað á árinu 1960	— 141 299.00
	kr. 3 866 473.00
+ áætluð námslán 1960	— 3 250 000.00

Samtals kr. 7 116 473.00

námsmanna erlendis.

ur			Tekjur nettó	Eigið fé				
borgarnir		Tekjur alls		Frá fyrra ári	4 ¹ / _a % vextir	Samtals	Til næsta árs	
Af yngri lánnum	Ríkis-framlag							
–	3 250 000	3 432 756.93	3 382 756.93	–	–	3 382 756.93	132 756.93 1960
–	3 250 000	3 485 525.30	3 370 525.30	132 756.93	5 974.06	3 509 256.29	259 256.29 1961
–	3 250 000	3 565 702.26	3 425 702.26	259 256.29	11 266.53	3 696 225.08	446 225.08 1962
63 700	3 250 000	3 719 811.34	3 579 811.34	446 225.08	20 080.13	4 046 116.55	546 116.55 1963
191 100	3 250 000	3 944 383.11	3 799 383.11	546 116.55	24 575.24	4 370 075.00	620 075.00 1964
382 200	3 250 000	4 233 080.71	4 058 080.71	620 075.00	27 903.38	4 706 059.09	706 059.09 1965
641 900	3 250 000	4 583 931.46	4 403 931.46	706 059.09	31 772.66	5 141 763.21	741 763.21 1966
975 100	3 250 000	4 976 507.04	4 788 507.04	741 763.21	33 379.34	5 663 649.59	763 649.59 1967
1 323 000	3 250 000	5 370 713.31	5 124 713.31	763 649.59	34 364.23	5 922 727.13	722 727.13 1968
1 693 440	3 250 000	5 775 767.29	5 521 767.29	722 727.13	32 522.72	6 277 017.14	677 017.14 1969
2 094 260	3 250 000	6 207 147.38	5 895 147.38	677 017.14	30 465.77	6 602 630.29	602 630.29 1970
2 528 400	3 250 000	6 667 304.87	6 347 304.87	602 630.29	27 118.36	6 977 053.52	577 053.52 1971
2 998 800	3 250 000	7 141 303.74	6 813 303.74	577 053.52	25 967.41	7 416 324.67	616 324.67 1972
3 444 700	3 250 000	7 597 576.29	7 211 576.29	616 324.67	27 734.61	7 855 635.57	655 635.57 1973
3 866 100	3 250 000	8 037 832.48	7 643 832.48	655 635.57	29 503.60	8 328 971.65	728 971.65 1974
4 263 000	3 250 000	8 462 215.56	8 060 215.56	728 971.65	32 803.72	8 821 990.93	821 990.93 1975
4 630 500	3 250 000	8 869 540.50	8 459 540.50	821 990.93	36 989.59	9 318 521.02	918 521.02 1976
4 963 700	3 250 000	9 273 913.00	8 805 913.00	918 521.02	41 333.45	9 765 767.47	965 767.47 1977
5 321 400	3 250 000	9 704 843.50	9 228 843.50	965 767.47	42 493.77	10 237 104.74	1 037 104.74 1978
5 695 760	3 250 000	10 153 634.50	9 669 634.50	1 037 104.74	46 669.71	10 753 408.95	1 153 408.95 1979
6 078 940	3 250 000	10 611 862.90	10 119 862.90	1 153 408.95	51 903.40	11 325 175.25	1 325 175.25 1980

Í árslok 1961 verða útistandandi:

Af eldri lánnum — 3 866 473.00
 ÷ afborgað 1961 — 184 050.00

kr. 3 682 423.00

+ áætluð námslán 1960 kr. 3 250 000.00
 ÷ afskrifað, 2% — 65 000.00

+ ný lán veitt 1961 — 3 250 000.00

Kr. 10 117 423.00

o. s. frv.

Gjöld.

Mjög miklum erfiðleikum er bundið að áætla hinn fasta, árlega kostnað, sem óhjákvæmilegur verður vegna hins daglega reksturs. Fyrstu árin verður sá kostnaður væntanlega ekki ykja mikill, en síðan hlýtur hann að aukast verulega. Lántakendur munu væntanlega skipta hundruðum innan fárra ára, og vinna í sambandi við innheimtu, tilkynningu gjalddaga, eftirlit með því, hverjir lán-takenda brautskrást eða hætta námi og allan annan daglegan rekstur, verða mjög umfangsmikil. Virðist óhjákvæmilegt að stjórn sjóðsins ráði sérstakan starfsmann til þeirra starfa, er frá liður.

Í áætluninni er fasti kostnaðurinn við það miðaður, að fastur starfsmaður vinni sem svarar hálfum degi fyrstu 2—5 árin hér frá, en síðan verði ekki komið af með minna en fullan starfstíma eins manns eða stúlku. Jafnframt er gert ráð fyrir nokkrum skrifstofukostnaði. Eftir það er þessi kostnaðarliður hækkaður smátt og smátt upp í kr. 300 000.00, og er þá sérstaklega haft í huga að lögfærðileg aðstoð við innheimtu komi til skjalanna.

Árlega er afskrifuð og færð til gjalda 2% af þeirri upphæð, sem varið var til námslána næsta ár á undan, þ. e. kr. 65 000.00 árið 1961, eða 2% af kr. 3 250 000.00, kr. 70 000.00 árið 1964, eða 2% af kr. 3 500 000.00 veittum árið 1963, kr. 75 000.00 árið 1965, þ. e. 2% af kr. 3 750 000.00 veittum árið 1964, o. s. frv.

Enn fremur eru önnur 2% afskrifuð á þann hátt að hin afskrifaða og gjaldfærða upphæð er látin hafa bein áhrif á afborganirnar, þ. e. a. s. að af hverju 15 000 króna námsláni greiðist ekki inn nema 14 700.00. Þannig greiðast samkvæmt áætluninni 24 námslán af hverjum 25 að fullu að meðaltali.

Að sjálfsögðu er erfitt að áætla slík afföll fyrirfram, meðan engin reynsla er fengin. Í bók-haldi sjóðsins myndi slík föst afskrift af sjálfsögðu ekki vera framkvæmd, heldur aðeins þær láns-upphæðir, sem beinlínis töpuðust eða væru gefnar eftir. Í 20 ára áætlun verður hins vegar að gera ráð fyrir einhverjum töpum, þótt reynslan ein geti leitt í ljós hve mikil þau verða.

Tekjur sjóðsins, aðrar en ríkisframlag, eru vextir af útlánunum, afborganir lána og vextir af reiðufé sjóðsins á hverjum tíma. Námslánin eru vaxta- og afborganalaus þar til þremur árum eftir að lántakandinn er brautskráður eða hættir námi, en síðan endurgreiðast þau með jöfnum afborg-unum á 10 árum.

Gert er ráð fyrir að meðalnámstími sé 5 ár og að námslánin dreifist jafnt eftir árgöngum. Árið 1963 falla því í gjalddaga kr. (3 250 000.00 ÷ 65 000.00) : 5 : 10 = 63 700.00, þ. e. fyrsta greiðsla þeirra, sem voru á síðasta námsári veturinn 1959—1960. Árið 1964 verða afborganirnar kr. (3 250 000.00 ÷ 65 000.00) : 5 : 10 + (3 250 000.00 ÷ 65 000.00) : 5 : 10 · 2 = kr. 63 700.00 + 127 400.00 = kr. 191 100.00, þ. e. fyrsta greiðsla þeirra, sem voru á 5. námsári á öðru ári sjóðsins, og auk þess greiðslur þeirra, sem voru á 4. og 5. námsári á fyrsta ári hans. Árið 1965 verða afborganirnar kr. 3 185 000.00 : 5 : 10 + 3 185 000.00 : 5 : 10 · 2 + 3 185 000.00 : 5 : 10 · 3 = kr. 63 700.00 + 127 400.00 + kr. 191 100.00 = 382 200.00, þ. e. fyrsta greiðsla þeirra, sem voru á 5. námsári á þriðja ári sjóðsins, greiðslur þeirra, sem voru á 4. og 5. námsári á öðru ári hans og enn fremur greiðslur þeirra, sem voru á 3., 4. og 5. námsári á fyrsta ári hans. Þannig eykst afborganaupphæðin frá ári til árs, eftir því sem lántakendum fjölga og námslánin í heild aukast.

Vextir.

Vextir greiðast eftir á um leið og afborganir, í fyrsta skipti þremur árum eftir að lántakandi brautskráðist eða námi var hætt.

Árið 1963 falla því til vextir í fyrsta sinn, 3½% af einum fimmta hluta þeirrar upphæðar, sem lánuð var á fyrsta ári sjóðsins, að frádragnum þeim hluta hennar, sem afskrifaður var, sem sé

$$\text{kr. } 3\,185\,000.00 : 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} = \text{kr. } 22\,295.00. \text{ Árið } 1964 \text{ verður sú upphæð } \text{kr. } 3\,185\,000.00 : 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} \cdot \frac{9}{10}$$

(einn tíundi hluti þess, sem lánaður var út á fyrsta ári, hefur þegar verið greiddur) + 3 185 000.00

$$: 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} \cdot 2 = \text{kr. } 20\,065.50 + 44\,590.00 = \text{kr. } 64\,655.50. \text{ Árið } 1965 \text{ verða vaxtatekjur af nýjum}$$

$$\text{lánunum: } 3\,185\,000.00 : 5 \cdot \frac{8}{10} \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} + 3\,185\,000.00 : 5 \cdot \frac{9}{10} \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} \cdot 2 + 3\,185\,000.00 : 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} \cdot 3 =$$

$$\text{kr. } 17\,836.00 + \text{kr. } 40\,131.00 + \text{kr. } 66\,885.00 = \text{kr. } 124\,852.00 \text{ o. s. frv.}$$

Vextir og afborganir af eldri lánunum er reiknað alveg á sama hátt.

Eigið fé.

Af nettótekjum fyrsta starfsárs (þar með talið ríkisframlag) eru kr. 3 250 000.00 lánaðar út. en afgangurinn, kr. 132 756.93, geymdur til næsta árs. Gert er ráð fyrir að það sé ávaxtað með 4½% vöxtum p. a., sem verða kr. 5 974.06 af framangreindri upphæð. Samtals verða því í sjóði í loks árs 1961:

Nettótekjur þess árs	kr. 3 370 525.30
Frá fyrra ári	— 132 756.93
Vextir þar af	— 5 974.06
	<hr/>
	kr. 3 509 256.29
÷ veitt námslán	— 3 250 000.00
	<hr/>
	Kr. 259 256.29

o. s. frv.

Þannig vex sjóðurinn smátt og smátt fyrst, en síðan hraðar, og er aukningin notuð til þess að auka útlánin eftir því, sem hægt er. Að visu gæti útlánaaukningin orðið heldur meiri en gert er ráð fyrir í áætluninni, en ekki þykir ráðlegt að láta sjóðinn alveg skorta reiðufé, og því er aukningin frá ári til árs ekki höfð meiri en að framan getur.